

*Fiskiðnfræðingurinn.*

Þórður Þorbjarnason heldur enn áfram námi sínu í London, þó var Þórður hér heima síðastliðið sumar, og vann þá aðallega að rannsóknum á ýmsum íslenskum lýsistegundum, sömuleiðis á síldarolíu og síldarmjöli. Mun Þórður koma heim aftur snemma sumars, og getur þá snúið sér algerlega að áhugamálum Fiskifélagsins, að því er snertir hagnýtar rannsóknir á sviði fiskiðnaðarins.

Meðan Þórður var heima síðastliðið sumar, gerði hann, ásamt vélfræðing félagsins, Þorsteini Loftssyni, kostnaðaráætlun að byggingu lítillar fiskimjölsverksmiðju, sem hæfði fyrir verstöð, sem hefir töluvert hráefni, eða á hægt um aðdrætti hráefnis frá nærliggjandi verstöðvum.